

# Minnisblað um stjórnslu

---

<b>Dagsetning:</b>	25. október 2021
<b>Verkkaupi:</b>	Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður
<b>Efni:</b>	Stjórnslu. Drög til umræðu á íbúafundum.
<b>Viðtakandi:</b>	Samstarfsnefnd
<b>Höfundur:</b>	Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson

---

## Aðdragandi

Á fundi samstarfsnefndar um mögulega sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði þann 23. september var farið yfir stöðu fjármála og stjórnslu í sveitarfélögunum tveimur. Farið var yfir áskoranir, tækifæri og mögulegar breytingar ef til sameiningar kemur. Margeir Friðriksson sviðsstjóri fjármála og stjórnslu Sveitarfélagsins Skagafjarðar var gestur fundarins. Framhald umræðu í málaflokknum fór fram á fundum nefndarinnar 11. og 20. október.

## Samstarfssamningar

Bæði sveitarfélögin eru aðilar að sjö samningum um samstarf:

- Stofnsamningur Norðursorps [Norðurá] bs.
- Samstarfssamningur um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra
- Samningur milli Akrahrepps og Sv. Skagafjarðar um framkvæmd verkefna
- Sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk
- Skipulagsskrá fyrir Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
- Samningur milli Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa
- Samkomulag um samstarf um rekstur Náttúrustofu Norðurlands vestra

Auk þess er Akrahreppur í samstarfi við Hörgársveit um fjallskil.

## Akrahreppur

Skrifstofa Akrahrepps er staðsett á heimili oddvita sem jafnframt er sveitarstjóri í hlutastarfi.

Í hreppsnefnd Akrahrepps sitja fimm fulltrúar og jafn margir til vara.

Samkvæmt vefsíðu sveitarfélagsins eru eftirfarandi nefndir starfandi:

- Fjallskilanefnd (þrjú fulltrúar og tveir til vara)
- Byggingar- og skipulagsnefnd (þrjú fulltrúar og tveir til vara)
- Umhverfisnefnd (þrjú fulltrúar og tveir til vara)

- Samstarfsnefnd sveitarfélaga (tveir fulltrúar og einn til vara)
- Sáttanefnd (tveir fulltrúar og einn til vara)
- Kjörstjórn (þrjú fulltrúar og þrjú til vara)
- Húsnefnd Héðinsminnis (þrjú fulltrúar og tveir til vara)
- Félags- og menningarnefnd (þrjú fulltrúar og tveir til vara)
- Riðunefnd (þrjú fulltrúar og tveir til vara)

Mikill munur er á virkni milli nefnda sveitarfélagsins sem helgast m.a. af því að ekki er til samþykkt um stjórn og fundarsköp. Virkasta nefndin er fjallskilanefndin en að öðru leyti er virkni fastanefnda sveitarfélagsins ekki ýkja mikil. Hvorki fastanefndum né starfsmönnum Akrahrepps er veitt heimild til að fullnaðarafgreiða mál.

Stefnt er að endurskoðun á nefndum sveitarfélagsins um leið og gerð samþykktar um stjórn og fundarsköp fer fram. Akrahreppur hefur ekki sett sér samþykkt um stjórn og fundarsköp í samræmi við 9. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Sveitarstjórnarlögin gera ráð fyrir því að sveitarfélög skipuleggi og útfæri stjórnskipulag og stjórnslu í samþykktum sínum þar sem m.a. er gert ráð fyrir því að fjallað sé um fundarsköp sveitarstjórnar og nefnda hennar.

Sveitarfélagið tilnefndir einnig fulltrúa í:

- Fræðslunefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar (áheyrnarfulltrúi)
- Barnaverndarnefnd (Einn fulltrúi. Sameiginleg með Sveitarfélaginu Skagafirði.)
- Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Ársþing SSSV

Sveitarfélagið kaupir ýmsa þjónustu frá utanaðkomandi aðilum, fyrir utan þá þjónustu sem keypt er af Sveitarfélaginu Skagafirði, t.a.m. skólaakstur, félagslega ráðgjöf (tímabundinn samningur) og snjómokstur.

### Sveitarfélagið Skagafjörður

Ráðhús Sveitarfélagsins Skagafjarðar er staðsett á Sauðárkróki en þar starfa rúmlega 30 manns. Í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar sitja níu fulltrúar og jafn margir til vara.

Starfandi eru 10 fastanefndir í Sveitarfélaginu Skagafirði, auk fjallskilanefnda.


- Byggðarráð (þrjú fulltrúar og þrjú til vara)
- Fræðslunefnd (þrjú fulltrúar og þrjú til vara)
- Félags- og tómstundanefnd (þrjú fulltrúar og þrjú til vara)
- Barnaverndarnefnd (fjórir fulltrúar og jafn margir til vara)
- Veitunefnd (þrjú fulltrúar og þrjú til vara)
- Umhverfis- og samgöngunefnd (þrjú fulltrúar og þrjú til vara)

- Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd (þrír fulltrúar og þrír til vara)
- Landbúnaðarnefnd (þrír fulltrúar og þrír til vara)
- Skipulags- og byggingarnefnd (þrír fulltrúar og þrír til vara,)
- Kjörstjórn (þrír fulltrúar og þrír til vara)
- Fjallskilaneindir

Framboð sem á fulltrúa í sveitarstjórn en nær ekki kjöri í fastanefndir er með áheyrnarfulltrúa í eftir því sem við á, í samræmi við 50. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fundir nefnda eru reglubundnir, landbúnaðarnefnd fundar sjaldnast en byggðarráð og skipulags- og byggingarnefnd funda alla jafnan oftast. Nefndir eru þó almennt mjög virkar. Nefndir hafa ekki heimild til að fullnaðarafgreiða mál. Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa koma til kynningar á fundum skipulags- og byggingarnefndar.

Hér að neðan má sjá skipurit Sveitarfélagsins Skagafjarðar.



Sveitarfélagið tilnefni einnig fulltrúa í eftirfarandi nefndir og ráð skv. samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Skagafjarðar, nr. 961/2013 með síðari breytingum:

- Almannavarnanefnd
- Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra
- Stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra
- Norðurá, byggðasamlag um sorpeyðingu á Norðurlandi vestra

- Öldungaráð
- Þjónusturáð í þjónustu við fatlað fólk á N.v.
- Notendaráð
- Landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga
- Ársþing SSNV
- Aðalfundur Eyvindarstaðaheiðar ehf.
- Aðalfundur Flugu ehf.
- Aðalfundur Tímatákns ehf.
- Stjórn Húsnæðissamvinnufélags Skagafjarðar
- Stjórn og fulltrúaráð Skagfirska leiguíbúða hses.
- Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands
- Fulltrúaráð Farskólans-miðstöðvar símenntunar á N.v.
- Stjórn Ferðasmiðjunnar ehf.
- Stjórn Skógræktarsjóðs Skagfirðinga
- Stjórn Hátækniseturs Íslands ses.
- Stjórn UB Koltrefja ehf.
- Stjórn Versins Vísindagarða ehf.
- Framkvæmdastjórn Byggðasögu
- Menningarsjóður Eypórs Stefánssonar
- Styrktarsjóður Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur
- Mótun ehf.

Sveitarfélagið er með samninga um ýmsa aðkeypta þjónustu, t.a.m. snjómokstur, skólaakstur, mat í leik- og grunnskóla á Sauðárkrók og sálfræðiþjónustu. Að öðru leyti sér sveitarfélagið um veitingu annarrar þjónustu til íbúa þess.

Sveitarfélög hafa mikið frelsi til að ráða málefnum sínum sjálf. Löggjafinn setur þó ákveðnar kröfur á sveitarfélögin þegar kemur að ýmiss konar stefnumörkun og reglusetningu sem þeim er skylt að sinna, m.a. í því skyni að tryggja réttaröryggi og jafnrétti íbúa sveitarfélaganna. Í töflunni hér að neðan má, í dæmaskyni, sjá tilgreiningu verkefna sem sveitarfélögum er skylt að sinna samkvæmt lögum.

Akrahreppur er eitt af fimm sveitarfélögum á landinu sem hefur ekki sett sér samþykkt um stjórn og fundarsköp. Mikilvægt er að bætt verði úr því, sameinist sveitarfélögin ekki, svo íbúar sveitarfélagsins hafi fullnægjandi upplýsingar um stjórnsýslu og stjórnskipulag Akrahrepps og að ákvarðanir séu teknar á lögmætum grundvelli.

Ef sveitarfélögin sameinast ekki er ljóst að ýmsar breytingar þurfa að eiga sér stað í stjórnsýslu Akrahrepps svo kröfum löggjafans verði mætt.

Lögskyld verkefni	Akraheppur	Sv. Skagafjörður
Samþykkt um stjórn og fundarsköp	Nei	Já
Aðalskipulag í gildi	Já	Já
Húsnæðisáætlun í gildi	Nei	Já
Jafnlaunavottun (ef það eru fleiri en 25 starfsmenn)	Á ekki við	Já
Loftlagsstefna	Nei	Í vinnslu
Grunnskólastefna í gildi	Já	Já
Leikskólastefna í gildi	Já	Já
Siðareglur birtar	Nei*	Já
Staðfesting ársreiknings	Já	Já
Fjárhagsáætlun samþykkt	Já**	Já
Reglur um fjárhagsaðstoð	Nei	Já
Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning	Nei	Já

\* Siðareglur eru til og verið er að vinna í því að birta þær á vefsíðu sveitarfélagsins.

\*\*Afgreiðsla hreppsnefndar ekki í samræmi við auglýsingu um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, nr. 22/2013.

### Framtíðarsýn stjórnskipulags til umræðu

Að mati samstarfsnefndar er mikilvægt að finna leiðir til að tryggja meiri þátttöku íbúa við ákvarðanatöku sveitarstjórnar. Á sama tíma tryggja skilvirkni og fagmennsku í ákvarðantöku með hagsmuni íbúa og atvinnulífs í Skagafirði að leiðarljósi.

Mikilvægt er skapa traust milli íbúa og sveitarstjórnar og leggja frekari áherslu á að raddir allra íbúa heyrist, jafnt í þéttbýli sem og dreifbýli. Svo það sé mögulegt verður að vera til staðar skýr farvegur fyrir íbúa. Að mati nefndarinnar má skipta leiðunum í tvennt, annars vegar beina þátttöku íbúa og hins vegar að skapa fulltrúalýðræðisvettvang fyrir einstök svæði innan sveitarfélagsins, t.d. með hverfisráðum.

Mikil og ör þróun hefur verið undanfarin ár í átt að beinni þátttöku íbúa, t.d. með rafrænum hætti og skipulögðum íbúafundum. Eftirfarandi leiðir voru t.a.m. ræddar á fundi nefndarinnar:

- Upplýsingar og fræðsla til íbúa um þátttökuleiðir
- Ábendingakerfi þar sem íbúar geta komið ábendingum og athugasemdum á framfæri
- Reglulegir íbúafundir um ákveðin mál, eins og er gert í Sveitarfélaginu Skagafirði í aðdraganda fjárhagsáætlunargerðar
- Tækifæri íbúa til að knýja fram borgarafundi um tiltekin mál
- Spurt og svarað hnappur á vefsíðu sveitarfélags

Til eru mörg fordæmi fyrir fulltrúalýðræðisvettvangi fyrir einstök svæði innan sveitarfélags, svo sem hverfisráðum, bæði héraðs og erlendis. Það sem einkennir hverfisráð sem hafa náð góðum árangri, er að ráðið hafi vel skilgreind verkefni, geti komið málum á dagskrá sveitarstjórnar og að fulltrúar í hverfisráðum hafi skýrt umboð íbúa til þátttöku. Til greina kemur að blanda saman beinum þátttökuleiðum og svæðisbundnum ráðum.

Lagt er upp með að í sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags verði níu manna sveitarstjórn og skilvirkt nefndarstarf. Byggðarráð fari með hlutverk framkvæmda- og fjármálastjórnar sveitarfélagsins, og nefndir verði tiltölulega margar í samanburði við önnur sambærileg sveitarfélög með það að markmiði að stuðla að þátttöku.

Nefndir verði m.a. starfandi um eftirfarandi málaflokka

- Fræðslumál
- Félagsþjónustu- og tómstundir
- Umhverfismál
- Skipulagsmál
- Atvinnu- og menningarmál
- Veitumál
- Kjörstjórn
- Fjallskilanefndir

Stjórnskipulag barnaverndarmála mun taka breytingum í ljósi nýrra laga, hvort sem af sameiningu sveitarfélaganna verður eða ekki. Auk þess verði starfandi notendaráð, svo sem öldungaráð, ungmennaráð og notendaráð í félagsþjónustu